

# UMBODSMAÐUR ALÞINGIS

Pórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík  
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is  
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F73/2017

Reykjavík, 10. nóvember 2021

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólsgötu 4  
101 Reykjavík

mrn@mrn.is

## I

Hér með tilkynnist að ég hef ákveðið að ljúka forathugun umboðsmanns Alþingis á aðgengi fatlaðra barna að skólavist í framhaldsskóla, en athugunin hófst fyrir nokkru í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar um að fötluðum börnum hefði verið synjað um skólavist.

Í kjölfarið áttu umboðsmaður og starfsmenn hans í bréfaskiptum við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Í svörum ráðuneytisins við fyrirspurnum umboðsmanns kom m.a. fram að ástæður þess að fyrir hefði komið að fötluð börn fengju ekki skólavist í framhaldsskóla væru einkum tengdar vanda við innritun sem fælist m.a. í því að ráðuneytið og Menntamálastofnun fengju ekki tæmandi upplýsingar frá grunnskólum um fjölda fatlaðra nemenda sem þurfa námsvist á starfsbrautum og þjóstupörf þeirra. Að öðru leyti vísast til fyrri bréfaskipta um framgang athugunarinnar.

## II

Í lok september sl. átti starfsmaður umboðsmanns samtali í síma við starfsmann ráðuneytisins vegna málsins til að afla upplýsinga um hvort öll fötluð börn sem eftir því hefðu sóst hefðu fengið skólavist í framhaldsskóla nú í haust. Símtalinu var fylgt eftir með fyrirspurnarbréfi til ráðuneytisins, dags. 13. október sl.

Svar ráðuneytisins barst með bréfi, dags. 26. október sl. Þar kemur m.a. fram að tiltekna breytingar á verklagi við innritun í framhaldsskóla séu yfirstandandi. Ráðuneytið hafi komið á fót starfshópi með sérfræðingum Menntamálastofnunar til að endurskoða ferli innritunar allra nemenda í framhaldsskólum, þar með talið innritunar nemenda á starfsbrautir fyrir fatlaða nemendur. Tilefni endurskoðunarinnar sé m.a. að núverandi umsjónarkerfi innritunar tryggi ekki gagnsæi, að tímabil forinnritunar og lokainnritunar þarfnist samhæfingar og einnig að skoða þurfi sérstaklega

útskriftardagsetningar úr grunnskólum í tengslum við innritun í framhaldsskóla. Markmið starfshópsins sé að eiga samtali og samráð við helstu hagsmunaaðila skólasamfélagsins, s.s. stjórnendur framhalds- og grunnskóla, fulltrúa nemenda framhalds- og grunnskóla, fulltrúa foreldra og fulltrúa talsfólks fatlaðra nemenda um umbætur í innritunarferlinu, öllum til hagsbóta. Stefnt sé að því að vinnu starfshópsins ljúki í kringum áramót 2021-2022 svo gera megi nauðsynlegar úrbætur á ferlinu í tæka tíð fyrir innritun í framhaldsskóla á haustönn 2022.

Þá er í svari ráðuneytisins upplýst um að allir nýnemar úr grunnskólum, sem eftir því hafi sóst, hafi fengið tilboð um skólavist í framhaldsskóla á haustönn 2021 í kringum 15. júní sl. Algengt sé að einhverjir nemendur og foreldrar séu ekki sáttir við það tilboð um skólavist sem veitt er. Því hafi ekki legið fyrir upplýsingar um skólavist nemenda fyrr en um miðjan ágúst sl., eftir að leitað hafi verið leiða til að mæta óskum nemenda. Niðurstaðan hafi þó orðið sú að við upphaf haustannar hafi allir nemendur sem þess óskuðu fengið tilboð um skólavist, einnig nemendur á starfsbrautum fyrir fatlaða nemendur.

### III

Svo sem áður greinir var upphaflegt tilefni þess að talið var rétt að óska eftir upplýsingum um aðgengi fatlaðra barna að skólavist í framhaldsskóla upplýsingar um að einhverjum þeirra hefði verið synjað um slíka vist. Var þá sérstaklega haft í huga að samkvæmt 2. mgr. 76. gr. stjórnaskrár Íslands nr. 33/1944 skal öllum tryggður í lögum réttur til almennrar menntunar og fræðslu við sitt hæfi. Hliðstæð skylda kemur einnig fram í 28. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013. Í 1. mgr. 32. gr. laga nr. 92/2008, um framhaldsskóla, kemur einnig fram að allir þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða náð 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Þeir sem rétt eigi á að hefja nám í framhaldsskóla eigi jafnframt rétt á því að stunda nám þar til 18 ára aldurs. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi því er varð að lögnum kemur fram að með þessu ákvæði sé í reynd „tryggð fræðsluskylda fyrir alla ólögráða nemendur“. Í almennum athugasemdum kemur auk þess fram að gert sé ráð fyrir að menntamálaráðuneytið tryggi, með samningum við framhaldsskóla, að fyrir hendi verði svigrúm til að tryggja öllum sem eftir leita og rétt eigi námsvist í framhaldsskóla (Alþt. 2007-2008, A-deild, bls. 1874-1875 og 1886).

Í 1. mgr. 34. gr. laganna segir enn fremur að á framhaldsskólastigi skuli veita nemendum með fötlun og nemendum með tilfinningalega eða félagslega örðugleika kennslu og sérstakan stuðning í námi. Látin skuli í té sérfræðileg aðstoð og viðeigandi aðbúnaður eftir því sem þörf krefji. Nemendur með fötlun skuli stunda nám við hlið annarra nemenda eftir því sem kostur er.